

KERAQUICK S1

Hágæða formbreytanlegt sigfrítt hraðlím á sementsgrunni, mjög lágt losun lífrænna rokgjarna efnasambanda, fyrir keramikflísar og náttúrustein



FLOKKUN Í SAMRÆMI VIÐ EN 12004

Keraquick S1 er endurbætt (2) hraðþornandi (F) sigfrítt lím á sementsgrunni (C), sigfrítt (T) og formbreytanlegt flokkað sem C2FT S1.

Viðburður Keraquick S1 er staðfest í TT vottun no. 25070276-3/Gi (TUM), no. 25080059-3/Gi (TUM) og no. 25080063/Gi (TUM) útgefin af rannsóknarstofu Technische Universität München (Þýskalandi).

NOTKUNARSVIÐ

Líming á sementsmúr, sementspússningu, harðnaða steinsteypu, núverandi gólf innan húss og utan á:

- Keramik og mósaíkflísar af öllum stærðum og náttúrusteini sem er ekki mjög viðkvæmur fyrir raka.
- Einangrunarefni eins og froðuplast og pólýúrepan, gipsplötur, glerull og steinull, frauðsteypublokkir, hljóðdeyfiplötur ofl.

Nokkur dæmi um notkun

- Viðgerðir á svæðum þar sem umferð er mikil, og nota þarf yfirborð innan skamms tíma, svo sem opinber svæði, göngugötur, stórmarkaði, sýningarsali.
- Heppilegt fyrir hraðvirka lögn eða viðgerðir í sundlaugum, verksmiðjum (brugghúsum, vínkjöllurum, mjólkurbúum, ofl), kæliklefum, ofl.
- Fjótvirka viðgerðarvinnu í baðherbergjum, sturtuklefum, eldhúsum, pöllum.
- Lagningu á órakadrægu gólfefni yfir gólfefni sem fyrir er, þar sem þornunartími annarra límefta á sementsgrunni væri of hægur.
- Ivið lögn á marmara og öðrum náttúrusteini, jafn vel ljósa gerðir (fyrir þær síðasttöldu notið hvítt Keraquick S1).
- Set flísar á upphitun screeds.

TÆKNILEGIR EIGINLEIKAR

Keraquick S1 er grátt eða hvítt duft, sem er blanda sérstaks sements, fínmöluðu fylliefni, gerviefnakvoðu og hvata sem gefur mjög mikinn límstyrk aðeins 2 - 3 klst eftir lögn.

Vegna þessa er hægt að nota gólf og vegg mjög fljótt. Gólf þola léttu umferð eftir 24 klst og það er hægt að stíga á þau eftir aðeins 2 klst.

Notið ekki **Keraquick S1** í eftirfarandi tilfellum:

- á málm, gúmmí, PVC og línóleum yfirborð;
- á veggi og gólf sem verða fyrir mikilli sveigju eða titringi (tré, asbeststeypu, ofl.);
- við límingu á einangrunarplötum úr froðuplasti með hlífðarfilmu.

NOTKUNARREGLUR

Undirbúningur yfirborðs

Yfirborð verður að vera flatt, sterkt, laust við lausa hluti, feiti, málningu, vax, olíu, ryð og nægilega þurrt. Rakt yfirborð getur hægt á hörðunarferli **Keraquick S1**.

Yfirborð úr sementsefnum mega ekki dragast saman eftir að flísar hafa verið lagðar, þess vegna verður múrílögn að þorna minnst í eina viku fyrir hvern sentímetra þykktar. Sementsmúr verður að harðna samtals í hið minnsta 28 daga, nema að hann hafi verið gerður með sérstökum MAPEI bindiefnum fyrir múr, eins og **Mapecem**, **Mapecem Pronto**, **Topcem** eða **Topcem Pronto**, forblönduðum múrefnum.

Kælið yfirborð sem er of heitt vegna sólarljóss með því að bleyta það með vatni. Yfirborð úr gipsi eða anhydrit múr verða að vera algerlega þurr (hámarksrakainnihald 0,5 %) nægilega hörð og án ryks.

Þetta yfirborð verður að meðhöndla með **Primer G** eða **Eco Prim T**. Svæði sem verða fyrir miklum raka verður að grunna með **Primer S**.

Almennt, vísa til ættingja Mapei tæknigögnum um undirbúning fyrir undirlagið áður en viðgerð sprungur í undirlag, styrkja hraður-þurrkun screeds og efnistöku uppsetningu fleti.

Blandan undirbúin

20 kg poka af gráu **Keraquick S1** ætti að blanda með um það bil 4,8 - 5,2 lítrum af vatni, en 23 kg poka af hvítu **Keraquick S1** ætti að blanda með um það bil 5,75 - 6,25 lítrum af vatni.

Hellið **Keraquick S1** í fötu með hreinu vatni samhliða að hrært er í, og blandið með hrærivél eða borvél þar til að hæran er kekkjalaus. Látið blönduna bíða í nokkrar mínútur og hrærið á ný áður en sett er á. Nota verður blönduna innan 30 mínútna.

Blandan borin á

Keraquick S1 er borið á yfirborðið með tenntum spaða í 10 mm hámarksþykkt. Til að ná fram góðri festu, berið fyrst á þunna himnum af **Keraquick S1** á yfirborðið með því að nota flötu hliðina á spaðanum og síðan upp í rétta þykkt strax á eftir. Þegar spaði er valinn, veljið þá spaða sem flytur límið á minnst 65 % til 70 % af bakhlið flísanna fyrir innveggi og gólf, og 100 % á svæðum með mikla umferð og veggi utanhúss.

- Fyrir mósaík allt að 5 x 5 cm, er mælt með MAPEI þvertenntum spaða númer 4.
- Fyrir venjulegar keramik veggflísar er mælt með MAPEI V-tenntum spaða númer 5.
- Fyrir gólf, óreglulegt yfirborð og flísar með háum rákum er mælt með MAPEI V-tenntum spaða númer 6.
- Fyrir mjög krefjandi aðstæður, til dæmis utanhúss þar sem hætta er á frosti, lögn í sundlaugum og baðkerum, gólf sem verða fyrir miklu álagi, gólf sem á að slípa á staðnum, flísar með háum tökkum á bakhlið, eða stórar flísar, ætti einnig að bara lím á bakhlið flísanna.

Þessi aðferð er ætluð fyrir flísar sem eru stærri en 900 cm² (30 x 30 cm). Ef yfirborðið er mjög drægt eða hitastig er hátt, þá er mælt með að væta aðeins yfirborðið til að lengja opinn tíma á líminu, áður en **Keraquick S1** er borið á.

Flísarnar settar á

Það er ekki nauðsynlegt að bleyta flísarnar fyrir lögn: ef á hinn bóginn að þær eru mjög rykugar, ætti að dýfa þeim í hreint vatn. Opinn tími á **Keraquick S1** við eðlilegt hitastig og raka er um 15 - 20 mínútur; óhagstæðar veðuraðstæður (sterk sól, þurr vindur, hátt hitastig), eða mjög vatnsdrægt yfirborð geta stýtt þennan opna tíma, stundum mjög mikið, í aðeins nokkrar mínútur. Vegna þessa verður að athuga stöðugt hvort límið hefur myndað yfirborðshúð eða er enn ferskt. Ef yfirborðshimna hefur myndast ætti að fara yfir límið aftur með spaða. Það er ekki mælt með að bleyta límið eftir að það hefur myndað himnu, því í stað þess að leysa upp himnuna, þá myndast himna án líms. Flísar sem lagðar eru með **Keraquick S1** mega ekki verða fyrir mikilli rigningu í hið minnsta 3 klst og verður að vernda fyrir frosti og mikilli sól í hið minnsta 24 klst eftir lögn.

Punktlíming á einangrunarefnum

Punktlímingu á hljóðdeyfiefnum eða einangrunarefnum á að framkvæma með múrskeið eða spaða, gerð á spaða ákvarðast af því hve flatt yfirborðið er og þyngd á plötum. Í þessum tilfellum verður að taka tilliti til vinnslutíma, og hafa í huga að nokkrir punktar af lími á þungar plötur getur kallað á að setja stoðir undir plöturnar sem eru aðeins fjarlægðar eftir að **Keraquick SI** er byrjað að harðna.



Lögn á hvítum Carrara með hvítu **Keraquick SI**



Dæmi um lögn með **Keraquick SI** í Auchan stórmarkaði - Sosnowiec (Póllandi)



Alcuino Bar - Mílanó - Ítalía



Dæmi um lögn á marmaragólfi - anddyri Feuchtwangen casinò (Þýskalandi)

FÚGUN EÐA ÞÉTTING

Hægt er að fúga samskeyti eftir 3 klst með sérstakri MAPEI sementsfúgu eða epoxýfúgu, sem er fánleg í mismunandi litum.

Þenslusamskeyti verður að þétta með sérstöku MAPEI þéttiefni.

ÞOLIR LÉTTA GANGANDI UMFERÐ

Gólfþola létt gangandi umferð eftir 2 - 3 klst.

TILBÚIÐ TIL NOTKUNAR

Yfirborð er tilbúið til notkunar eftir um það bil 24 klst. Hægt er að fylla potta og sundlaugar eftir 3 daga.

HREINSUN

Hægt er að hreinsa verkfæri með vatni áður en límið harðnar. Gólf og veggj er hægt að hreinsa með rökum klút. Vatn ætti aðeins að nota í litlum mæli og eftir nokkrar klukkustundir.

ÞEKJA / NÝTING

1,2 kg/m² á mm þykkt.

Líming á gólfum og veggjum:

- mósaík og litlum flísum:	2 - 3 kg/m ² (spaði nr. 4/5)
- venjuleg stærð flísa:	4 - 5 kg/m ² (spaði nr. 5/6)
- stórar flísar, gólf, útveggir:	> 6 kg/m ² (spaði nr. 6 eð 10 eða stærri)

Líming á einangrunarefni, ofl.:

- frauðefni ofl.:	0,5 - 0,8 kg/m ²
- gipsplötur á vegg, frauðsteypa:	1,5 kg/m ²
- full líming á grófu yfirborði:	2,5 kg/m ²

PAKKNING

Grátt **Keraquick S1** er fáanlegt í 20 kg pokum og 5 kg Alupack.
Hvítt **Keraquick S1** er fáanlegt í 23 kg pokum.

GEYMSLA

12 mánuðir á þurrum stað í upphaflegri pakkingu. Lengri geymsla getur lengt þann tíma sem límið er að harðna án þess að breyta lokaframmistöðu þess.
Framleitt í samræmi við tilskipun viðauki við reglugerð (EB) N° 1907/2006 (REACH), hlut 47.

ÖRYGGISLEIÐBEININGAR VARÐANDI UNDIRBÚNING OG NOTKUN

Leiðbeiningar um örugga notkun á vörum okkar er að finna á nýjustu útgáfu af öryggisblaði sem er í boði á heimasíðu okkar www.mapei.no okkar.

VARA ÆTLUÐ FAGMÖNNUM TIL NOTKUNAR.

TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR (dæmigerð gildi)

Í samræmi við:

- Evrópskan EN 12004 sem C2FTS1
- ISO 13007-1 as C2FT S1

EINKENNI VÖRUNNAR

Gerð:	duft
Litur:	dökkgrár eða hvítur
Eðlismassi	1400 kg/m ³ (dökkgrár); 1200 kg/m ³ (hvítur)
Þurrefnisinnihald:	100 %
EMICODE:	EC1 Plus - mjög lítil losun

UPPLÝSINGAR VARÐANDI NOTKUN (við +23°C - 50 % hlutf. raka)

Hlutfall blöndu:	Keraquick S1 grátt: 100 hlutar af dufti með 24 - 26 þyngd af vatni	Keraquick S1 hvítur: 100 hlutar af dufti með 21 - 23 þyngd af vatni
Þéttleiki blöndu:	deigkenndur	deigkenndur
Litur:	grár	hvítur
Þéttleiki á blöndu:	1500 kg/m ³	
pH gildi blöndu:	um það bil 11	
Vinnslutími:	30 mínútur	
Hitasvið við notkun:	frá +5°C til +30°C	
Opinn tími (samkvæmt EN 1346):	15 - 20 mínútur	
Fúgun samskeyta:	2 - 3 klst.	
Polir létt gangandi umferð:	2 - 3 klst.	
Tilbúið til notkunar:	24 klst. (3 dagar fyrir potta og sundlaugar)	

ENDANLEG FRAMMISTAÐA

Límstyrkur samkvæmt EN 1348:	
– upphafs (eftir 28 daga):	3,0 N/mm ²
– eftir hitameðferð:	2,2 N/mm ²
– eftir að hafa farið á kaf í vatn:	1,0 N/mm ²
– eftir ferla frost og þíðu:	1,3 N/mm ²
Viðloðun eftir 6 klst.:	0,8 N/mm ²
Viðnám gagnvart sýrum:	sæmlegt
Viðnám gagnvart alkálí:	framúrskarandi
Viðnám gagnvart olíu:	framúrskarandi
Viðnám gagnvart leysiefnum:	framúrskarandi
Hitastig við notkun:	frá -30°C til +90°C
Formbreytingarhæfni samkvæmt EN 12004:	S1 - formbreytanlegt

VIÐVÖRUN

Þótt þær tæknilegu upplýsingar og ráðleggingar sem er að finna í þessu upplýsingablaði um vöruna séu í samræmi við bestu vitund okkar og reynslu eru allar ofangreindar upplýsingar aðeins til viðmiðunar í hverju tilviki fyrir sig og ber að líta á þær sem upplýsingar sem bíða staðfestingar eftir lengri notkun. Því verður hver sá sem hyggst nota vöruna að ganga úr skugga um það fyrirfram að hún henti til ætlaðrar notkunar. Notandinn er í öllum tilfellum einn að fullu ábyrgur fyrir öllum afleiðingum af notkun vörunnar.

Kynntu þér vinsamlegast gildandi útgáfu af tækniblaðinu sem finna má á vefsetri okkar, www.mapei.no

TILKYNNING UM LAGALEG ATRIÐI

Innihald þessa tækniblaðs („TDS“) má afrita í annað skjal tengt verkefni, en endanlega skjalið skal ekki vera viðbót eða koma í staðinn fyrir tækniblaðið sem er í gildi á þeim tíma sem vara MAPEI er notuð. Hægt er að hlaða niður nýjustu tækniblaðum frá heimasíðu okkar á www.mapei.no

ALLAR BREYTINGAR Á ORÐALAGI EÐA KRÖFUM SEM FELAST Í EÐA REKJA MÁ TIL ÞESSA ÖRYGGISBLAÐS ÓGILDA ÁBYRGÐ MAPEI.

Mapei AS

Vallsetvegen 6, 2120 Sagstua, Norge



+47 62 97 20 00



www.mapei.no



post@mapei.no

54-5-2017-is

Öll afritun texta, mynda og skýringamynda úr þessum bæklingi er bönnuð, og gæti leitt til málssóknar.

